

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

## 1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Gjald fyrir *blandaðan heimilisúrgang*:

Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
A.1	120 l spartunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	13.100
A.2	120 l spartunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	17.700
A.3	240 l grá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	23.300
A.4	240 l grá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	29.000
A.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	64.075
A.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	79.750

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, pappírsefni:

Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
B.1	240 l blá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	9.400
B.2	240 l blá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	13.200
B.3	660 l blátt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	25.850
B.4	660 l blátt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	36.300

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, plastefni:

Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
C.1	240 l græn tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	7.800
C.2	240 l græn tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	11.600
C.3	660 l grænt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	21.450
C.4	660 l grænt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	31.900

Gjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun úrgangs.

Gjald fyrir *djúpgáma*:

Fyrir hverja *losun* á djúpgámi greiðist 5.421 kr./losun.

Fyrir hvern rúmmetra af úrgangi eða endurvinnsluefnum sem losað er úr djúpgámi greiðist skv. eftirfarandi:

<i>Blandaður úrgangur:</i>	2.760 kr./m <sup>3</sup>
<i>Pappírsefni:</i>	48 kr./m <sup>3</sup>
<i>Plast:</i>	-532 kr./m <sup>3</sup>

*Aðrir gjaldaliðir:*

Merkir pokar fyrir tilfallandi umfram blandaðan úrgang: 870 kr./stk.

Merkir pokar fyrir tilfallandi umfram pappírs- eða plastúrgang: 550 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun blandaðs úrgangs: 3.750 kr./ferð auk 1.115 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun pappírs- eða plastúrgangs: 3.750 kr./ferð auk 750 kr./ílát sem losað er. Gjald fyrir aukalosun djúpgáma er skv. losunargjaldi djúpgáma hér að framan.

Gjald vegna reksturs endurvinnslustöðva: 11.930 kr./íbúð. Gjaldi vegna endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva Sorpu bs.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta, er 3.200 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjaldldagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjaldldaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg, nr. 32/2018.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 13. ágúst 2018.*

**Dagur B. Eggertsson.**